

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1999

Nr. 217

576

29. mars 1999

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi 1999.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi, skal árið 1999 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Borgarnesi, sbr. staflíð c í 2. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 9.000 á árinu.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 218

29. mars 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald) auk gámagjalds.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að árgjald vegna sorphreinsunar í þéttbýli verði kr. 5.500 og árgjald vegna sorpeyðingar verði kr. 3.000 á hvert heimili. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að árgjald frístundahúsa vegna sorpgáma verði kr. 1.800, jafnframt því sem árgjald þeirra vegna sorpeyðingar verði kr. 1.200.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.